

11. feb. 2010

Fundur nr. 4

Fundur hjá skólaráði Stóru-Vogaskóla haldinn mánudaginn 9. feb. 2010 í Stóru-Vogaskóla kl. 17:00.

Mættir: Svava Bogadóttir og Jón Ingi Baldvinsson (skólastjórnendur), Hilmar Egill Sveinbjörnsson (fulltrúi kennara), Þórdís Símonardóttir (fulltrúi starfsmanna), Ingþór Guðmundsson og Guðrún Kristjánsdóttir (fulltrúar foreldra), Árni Magnússon (fulltrúi atvinnulífsins) og Guðmunda Birta Jónsdóttir (fulltrúi nemenda).

1. Skólanámskrá

Samkvæmt lögum er öllum skólum gert að gefa út sérstaka skólanámskrá. Til var gátlisti og leiðbeiningar um innihald og meðferð skólanámskrár frá Menntamálaráðuneyti sem ekki er þó lengur í gildi. Því er alfarið í höndum hvers skóla að vinna sína skólanámskrá. Stór hluti skólanámskrár (almenni hlutinn) Stóru-Vogaskóla er á heimasíðu hans. Var það samdóma álit fundarmanna að heimasíða skólans með öllum þeim upplýsingum sem þar er að finna væri hin eiginlega skólanámskrá í dag. Þar eru allar upplýsingar aðgengilegar.

Hluti skólanámskrár og einstakir liðir hennar voru skoðaðir. Fundarmönnum gert að leggjast yfir skólanámskrána heima og koma með athugasemdir.

2. Sparnaðarleiðir

Hinar ýmsu sparnaðarleiðir ræddar. Farið yfir fyrirhugaðan sparnað uppá x milljónir.

- Byrjað á þeim með hæstu launin, síðan kennurum og öðru starfsfólki.
- Hagrætt í kennslu; allri viðbótarkennslu hætt, þ.e. annarri en þeirri lögboðnu.
- Ræsting skólans færð á dagvinnu.

Skólastjóri gerði grein fyrir fleiri liðum þar sem sparað verður. Almennar umræður í kjölfarið.

4. Vettvangsferðir

Í sparnaðarskyni verða vettvangsferðir takmarkaðar. Þó hefur verið ákveðið að ferð á Reyki í Hrutafirði (7.b.), í Alviðru (5.b.) og vorferðalag 10. bekkjar verði farnar.

Fundi slitið kl. 18:20